

**Sþ.**

**206. Tillaga til þingsályktunar**

**[112. mál]**

um jöfnunarverð á olíu.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Finnur Jónsson, Sigurður Ágústsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að útsöluverð á olíu verði hið sama á öllum þeim stöðum á landinu, þar sem olíuflutningaskip, sem annast flutninga á milli hafna, geta losað olíu í birgðageyma olíufélaganna.

**Greinargerð.**

Það er alkunnugt, að útsöluverð á olíu er mishátt á hinum ýmsu stöðum á landinu. Í Reykjavík er olíuverðið jafnan lægst, en er svo allmiklu hærra í þorpum og bæjum úti á landi. Verðismunurinn er skýrður með því, að til Reykjavíkur komi olíufarmarnir beint erlendis frá, en síðan þurfi að leggja í aukakostnað við dreifinguna út um land.

Þetta er að vísu rétt, en gæta verður þess, að núverandi fyrirkomulag um flutning á allri olíu erlendis frá upp til Reykjavíkur, er aðeins fyrirkomulagsatriði, sem vel væri hægt að hafa með öðrum hætti. Væru olíubirgðastöðvar byggðar í öðrum landsfjórðungum, þá væri einnig hægt að flytja þangað beint mikið magn af olíu í einu. Olíuinnkaupin til landsins eru gerð sameiginlega fyrir alla landsmenn og því aðeins tekst að hafa olíuverðið lágt í Reykjavík, að þangað sé jafnframt flutt öll olía, sem nota þarf í landinu. Mishátt olíuverð gerir ýmsan rekstur í landinu mjög ósambærilegan, og hallar þá alltaf á staðina utan Reykjavíkur. Fiskibátar á Vestfjörðum, Norðurlandi, Austfjörðum og Vestmannaeyjum verða að greiða allmiklu hærra olíureikning eftir árið en sambærilegir bátar við Faxaflóa. Frystihús og annar fiskiðnaður í bæjunum úti á landi getur ekki verið samkeppnisfær við Reykjavík, þegar olíuverðið er þar miklum mun hærra.

Félagssamtök útvegsmanna hafa hvað eftir annað gert þá kröfu til ríkisvaldsins, að komið verði á jöfnunarverði á olíu, að minnsta kosti á þeim grundvelli, sem tillaga þessi leggur til, þ. e. að útsöluverðið sé jafnt á öllum þeim stöðum á landinu, þar sem olíuflutningaskip geta nú losað olíu beint í birgðageyma olíufélaganna.